

Ed.

142. Frumvarp til laga

[120. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22 mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða hækka um allt að 25%, hundradshluta þá, sem tilgreindir eru í 2. málsgrein þessarar greinar samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 31. desember 1976 tók gildi nýtt fasteignamat í samræmi við ákvæði laga nr. 94 frá 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna shr. og auglýsingu fjármálaráðherra nr. 412 frá 21. desember 1976, en jafnframt var eldra fasteignamat úr gildi numið.

Í lögum nr. 115 frá 31. desember 1976 um breytingu á lögum nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, Ákvæði til bráðabirgða segir: „Á árinu 1977 er ekki heimilt að hækka gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna. er gildi fyrir 31. desember 1976 að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati.“ Bráðabirgðaákvæði þetta gildi eingöngu við álagningu téðra gjalda á yfirstandandi ári, 1977.

Álagning fasteignaskatta á næsta ári, 1978, mun — að óbreyttum lögum — byggjast á framreiknuðu fasteignamati í desember-mánuði næstkomandi og 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, en skv. þeirri grein er sveitarstjórn skylt að leggja fasteignaskatt á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, shr. þó ákvæði 5. gr. laganna, og er lágmark fasteignaskatts skv. 2. mgr. 3. gr. ½% og 1% eftir tegundum eigna. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að innheimta fasteignaskatt með allt að 50% álagi skv. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Verði ákvæði um álagningu fasteignaskatts óbreytt, er ljóst, að lágmarksfasteignaskattur í nokkrum sveitarfélögum mun á næsta ári hækka — frá því sem var á þessu ári — töluvert umfram almennar hækkanir, sem orðið hafa og verða væntanlega á þessu tímabili. Sérstaklega mun á slíkt reyna í dreifbýlishreppum, sem ekki hafa innheimt fasteignaskatt með álagi á þessu ári.

Til að bæta úr þessum annmarka, sem leiðir af gildistöku nýs fasteignamats og niðurfellingu bráðabirgðaákvæðis laga nr. 115/1976, felst í frumvarpinu það nýmæli, að sveitarstjórn verði heimilt að lækka um allt að 25% þá lágmarksfasteignaskattsprósentu, sem tilgreind er í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972. Jafnframt er hækknarheimild sveitarstjórnar lækkuð úr 50% í 25%, þannig að svigrúm sveitarstjórna til álagningar fasteignaskatts helst óbreytt eða 50%, frá því sem er í gildandi lögum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur fjallað um frumvarp þetta og látið í té eftirfarandi umsögn:

„Í framhaldi af viðræðum Hallgríms Dalberg, ráðuneytisstjóra, við undirritaðan í september s.l. varðandi álagningu fasteignaskatts á árinu 1978, eftir að lög nr. 115/1976 falla úr gildi í lok þessa árs, hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fjallað um málið, og er stjórnin samúala meðfylgjandi uppkasti að frv. til laga um breytingu á 3. gr. laga nr. 8/1972 ásamt því fylgjandi athugasemdum.

Þetta tilkynnist ráðuneytinu hér með og væntir stjórnin þess, að ráðuneytið muni hlutast til um téða lagabreytingu.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson, frkvstj.“